

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, starfandi bæjarstjóri
Dags. 31. janúar 2020
Mnr. 2019030022



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Kauptilboð í íbúð og beiðni um langtímaleigusamning

Þann 26. júní sl. fóru íbúðir í Sindragötu 4a, Ísafirði í sölu. Þegar hafa verið samþykkt tilboð í íbúð 0102, 0104, 0201, 0202, 0204, 0205, 0301 og 0302. Því eru átta íbúðir seldar í fasteigninni að svo stöddu.

Þann 30. janúar 2020 barst Ísafjarðarbæ tilboð í íbúð 0203. Tilboðið stóð til kl. 16:00 þann 31. janúar sl. og var uppsett verð boðið í íbúðina, kr. 21.500.000,-. Kauptilboð er gert með fyrirvara um lánaþyrreiðslu stofnanda og greiðslumat. Bæjarstjóri staðfesti kauptilboðið fyrir hönd Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar, með undirritun sinni 31. janúar sl.

Undirrituð leggur til við bæjarráð að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð í íbúð 0203 í Sindragötu 4a, Ísafirði, dags. 30. janúar 2020. Kaupverðið er kr. 21.500.000,-.

Enn fremur er lagður fram til kynningar tölvupóstur Gylfa Ólafssonar, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað er eftir langtíma leigusamningi um eina eða fleiri af smærri íbúðunum í Sindragötu 4a.

Undirrituð gerir enn fremur grein fyrir stöðu í málefnum Sindragötu 4a.